

Makkarónugrautur

1 dl makkarónur

2 dl vatn

5 dl mjólk

1 tsk sykur

¼ tsk salt

1. Setjið makkarónur í lítinn pott.
2. Hellið vatninu saman við og sjóðið við vægan hita þar til allt vatnið er búið. Hrærið vel í á meðan.
3. Byrjið að bæta mjólkinni við í smáum skömmtum (1 dl í einu) og leyfið henni að malla saman við makkarónurnar. Hrærið vel í.
4. Bætið nú sykrinum út í og látið malla á lágum hita áfram.
5. Bætið restinni af mjólkinni við og látið sjóða áfram við lágan hita og hrærið í af og til.
6. Saltið nú grautinn og blandið vel saman og sjóðið í 5-10 mínútur í viðbót.